

## NASDAQ OMX Iceland – Yfirlit fyrir júní 2012

**Hlutabréfaviðskipti** – Heildarviðskipti með hlutabréf í júnímánuði námu 9.572 milljónum eða 456 milljónum á dag. Þessu til samanburðar nam veltan með hlutabréf í maí 4.687 milljónum eða 234 á dag. Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group (ICEAIR) 4.322 milljónir, með bréf Haga (HAGA) 1.791 milljónir, og með bréf Össurar (OSSRu) 1.566 milljónir.

**Hlutabréfavisitölur** – Úrvalsvísitalan (OMX16) lækkaði um 1,1% milli mánaða og stendur nú í 1057 stigum.

**Hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði** – Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Íslandsbanki með mestu hlutdeildina 51,3% (23,9% á árinu), Landsbankinn með 26,4% (42,1% á árinu), og MP banki með 9,5% (11,1% á árinu).

**Skuldabréfavelta** – Heildarviðskipti með skuldabréf námu 234 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar til 11,1 milljarðs veltu á dag samanborið við 11,1 milljarðs veltu á dag í maímánuði.

Mest voru viðskipti með RIKB 19 0226, 32,7 milljarðar, RIKB 25 0612, 26,8 milljarðar, og HFF150224, 22,4 milljarðar. Alls námu viðskipti með ríkisbréf 181 milljarði en viðskipti með íbúðarbréf námu 51 milljarði.

**Skuldabréfavisitölur** – Ávöxtunarkrafa þriggja mánaða óverðtryggðu vísitölnnar (OMX13MNI) er nú 3,2% (-55 punktar), ávöxuntarkrafa eins árs óverðtryggðu vísitölnnar (OMX11YNI) 3,78% (-36 punktar), fimm ára óverðtryggðu vísitölnnar (OMX15YNI) 6,29% (-9 punktar) og 10 ára óverðtryggðu vísitölnnar (OMX10YNI) 7,00% (-6 punktar). Ávöxtunarkrafa 5 ára verðtryggðu vísitölnnar (OMX15YI) stendur nú í 2,13% (+29 punktar) og 10 ára verðtryggðu vísitölnnar (OMX10YI) í 2,51% (+5 punktar).

**Hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði** – Í júnímánuði var Landsbankinn með mestu hlutdeildina 30,3% (23,5% á árinu), MP Banki með 23,8% (23,1% á árinu) og Íslandsbanki með 14,7% (19,6% á árinu).

**Heildarveltan fyrir júní mánuð er 243 milljarðar (samanborið við 226 milljarða í maí).**